



Framúrskarandi. Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni sem er meiri en ætlast er til.



Mjög góð hæfni. Nemandi uppfyllir öll viðmið um árangur, vandar til verka og tileinkar sér efnið.



Hæfni náð. Nemandi nær færninni sem stefnt er að með fáar eða engar skekkjur.



Á góðri leið. Nemandi er á góðri leið með að ná markmiðunum en verkefni ekki fullnægjandi.



Þarfnast þjálfunar. Nemandi hefur ekki fyllilega náð færninni sem stefnt er að. Lítil skilningur á viðfangsefninu.



Hæfni ekki náð. Nemandi sýnir ekki færni í viðfangsefninu sem liggur fyrir. Verkefnaskil ófullnægjandi.

Hæfniviðmið lotunnar:

Að nemandi geti:

- valið og nýtt hugbúnað við uppsetningu fjölbreyttra ritunarverkefna og ritgerða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang. (Upplýsinga- og tæknimennt)
- skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr. (Íslenska).
- sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum. (Lykilhæfni).
- unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi. (Lykilhæfni).

Til að eiga möguleika á framúrskarandi þarftu að:

- Skila öllum verkefnunum á tilsettum tíma.
- Sýna framúrskarandi frágang í lokaafurð.
- Sýna framúrskarandi frumleg og skapandi vinnubrögð.
- Sýna mikið sjálfstæði og fara eigin leiðir í úrvinnslu verkefna.

Til að fá mjög góð hæfni þarftu að:

- Skila öllum verkefnunum á tilsettum tíma.
- Gera allt sem fyrirmælin segja til um.
- Vanda frágang og sýna fram á dýpri skilning á efninu.
- Sýna sjálfstæði í vinnubrögðum.

Til að fá hæfni náð þarftu að:

- Skila öllum verkefnunum á tilsettum tíma.
- Gera allt sem fyrirmælin segja til um.
- Vanda frágang.

Ef þú færð á góðri leið eða þarfnast þjálfunar:

- Vantar einhvern hluta verkefnisins eða því var ekki skilað á tilsettum tíma.
- Vantar upp á frágang.